






# líkaminn er karlkynsorð / / kroppen er et han–ord






# líkaminn er karlkynsorð / kroppen er et han-ord

Sýning í Sendiráði Íslands
í Kaupmannahöfn /
/ Udstilling på
Islands Ambassade
i København
22.08—21.10.2024

María Kristín H. Antonsdóttir &
Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir

**IS** Velkomin á sýninguna okkar „líkaminn er karlkynsorð". Sýningin er liður í ferðalagi listakonunnar Maríu Kristínar H. Antonsdóttur en hún hefur undanfarin ár tekið myndir af sjálfri sér í íslenskum þjóðbúningum og hafa verk hennar m.a. verið valin á sýningar *Hälla köttet flytande á Italienska Palatset* (SE) 2023, *Portrait Now* á Frederiksborg Slot (DK) 2023, *Kunstnernes Efterårsudstilling* (DK) 2019 og 2021 og *Ung Dansk Fotografi* hjá Fotografisk Center (DK) 2018.

Upphafið á ferðalagi Maríu má rekja til danska fornleifafræðingsins Daniel Bruun sem ferðaðist til Ísland á árunum 1896-1910 og eru skissurnar hans og ljósmyndir geymdar á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn. Voru það ljósmyndir Bruuns af íslenskum konum í þjóðbúningum sem vöktu áhuga Maríu á því að skoða íslenska þjóðbúninga. Það vildi svo heppilega til að hún fékk gamlan þjóðbúning í gjöf frá ömmu sinni en hún hafði erft hann eftir langömmu sína. Fyrir útskriftarsýninguna sína frá *Det Fynske Kunstakademi* ákvað María að halda gjörning og krýna sjálfa sig sem fjallkonu, en svo vildi til að útskriftin bar upp á sjálfan þjóðhátíðardaginn árið 2022. Hún fékk lánaðan kyrtil og skaut hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur og var með gjörning þar sem hún, klædd sem fjallkona, las upp sögur af Tinder stefnumótum sem hún hafði farið á.

Á þessari sýningu má sjá útvalin ljósmyndaverk frá ferðalagi listakonunnar.

María vildi vinna að sýningunni í samstarfi við sagnfræðing - til að hafa meira með um stöðu kvenna og þróun þjóðbúninga á Íslandi. Hún hafði því samband við sagnfræðinginn Sigurbjörgu Elínu Hólmarsdóttur en María hafði séð hana halda fyrirlestur um stöðu íslenskra kvenna á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna í Jónshúsi. Þær hafa unnið saman að þessari sýningu í rúmt hálft ár, pælt í hvernig myndir og texti geti endurspeglað hvort annað og hvernig þær geti í samspili auðgað skilning áhorfandans á því hvernig það hefur verið að vera uppáklædd kona á Íslandi fyrr á öldum. Auk þess hafa þær sent á milli sín ljóðlínur um konur og líkama sem má sjá í heild sinni á sýningunni.

Við vonum að þið njótið sýningarinnar.

# velkomin

# velkommen

**DK** Velkommen til vores udstilling ”kroppen er et han-ord”. Udstillingen er et led i kunstnerens María Kristín H. Antonsdóttirs rejse, hvor hun de sidste år har taget fotografier af sig selv i islandske nationaldragter. Hendes værker har været udvalgt til adskillige udstillinger, f.x. *Hälla köttet flytande á Italienska Palatset* (SE) 2023, *Portrait Now* på Frederiksborg Slot (DK) 2023, *Kunstnernes Efterårsudstilling* (DK) 2019 og 2021 og *Ung Dansk Fotografi* hos Fotografisk Center (DK) 2018. Begyndelsen af hendes rejse kan kobles til hendes opdagelse af den danske arkæolog Daniel Bruun. Bruun besøgte Island i årene 1896-1910 og hans tegninger og fotografier fra rejserne kan opleves hos Nationalmuseet. Det var især Bruuns fotografier af islandske kvinder i nationaldragter som vækkede Marías interesse, og det var der hendes idé om selvportrætter i den islandske nationaldragt opstod. Hun var så heldig, at hun fik en dragt i gave fra sin bedstemor, som hun havde arvet fra sin oldemor. Til sin dimission fra *Det Fynske Kunstakademi* valgte María at krone sig selv som en *fjeldkvinde (isl. Fjallkona)*. Hun lånte en traditionel festdragt *(isl. kyrtill)* fra Folkedanseforeningen i Reykjavik, men selve dimissionen forgik på Islandsk nationaldag, den 17. juni, i 2022. Der lavede hun en performance, hvor hun klædt i nationaldragt fortalte om sine oplevelser fra adskillige Tinder-dates hun havde været på.

Udstillingen viser udvalgte værker fra kunsternes rejse.

María havde en idé om, at hun gerne ville samarbejde med en historiker til denne udstilling, som kunne give udstillingen mere bredde ved at indeholde en historisk tekst om kvinder i Island før i tiden. Hun kontaktede derfor historikeren Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir, da María havde set hende holde foredrag til Kvindernes internationale kampdag i det islandske kulturhus, Jónshús. De har arbejdet sammen om denne udstilling det sidste halve år. De har diskuteret hvordan teksten og fotografierne kan afspejle hinanden og de historier som ligger bag, og hvordan de kan give tilskueren en dybere fornemmelse for, hvad det betød at være kvinde i Island før i tiden. Derudover har de over en længere periode sendt sætninger til hinanden, der er blevet samlet til et digt der indgår i udstillingen.

Vi håber at I får glæde af udstillingen.



*Bútur úr verkinu Islænderinde i dragt* (2022)

**IS** „Þarna var ég búin að krýna sjálfa mig sem fjallkonu fyrir lokasýningu í listaháskólanum mínum, þann 17. júní 2022. Ég fór til Íslands að sækja búninginn sem ég fékk lánaðan frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur og bjó til höfuðskart úr gömlum blómapotti og efni sem ég fann í Rauða Krossinum í Skeifunni. Ég tók myndina heima í Kaupmannahöfn, sitjandi á rúminu mínu, og varð hún byrjunin á öllu þessu ferli.“

**DK** “På billedet har jeg kronet mig selv som *fjeldkvinde*, inden jeg drog afsted til min skoles afslutningsudstilling. Jeg tog til Island for at låne dragten og har selv lavet hovedpryden af en gammel potteskjuler og stof jeg fandt i en genbrugsbutik. Jeg tog billedet, siddende på sengen, i mit hjem i København, og det var dette billede som startede det hele.”

## NOKKUR ORÐ UM KLÆÐNAÐ OG LÍKAMA KVENNA

> Ein af nauðsynjum þjóðanna er búníngrinn; hann einkennir þær mjög, og lýsir hinum ýmislega hugsunarhætti þeirra og kynferði. Búníngrinn stendr mest í sambandi við loptslagið, og hefir þrennan aðaltilgang: að skýla manninum fyrir áhrifum náttúrunnar að utan, eða fyrir hita og kulda og regni; hann er og til að hylja nekt líkamans, og það er hinn siðferðislegi tilgangr hans; og í þriðja lagi er búníngrinn til fegrðar, til að prýða og skreyta manninn. Menn geta og sagt, að búníngrinn sé til þess tvenns ætlaðr: til gangs og til fegrðar. ... Nú vita allir, að menn verða að bera klæði, og „fötin eiga að prýða manninn“, eins og máltækið segir. Þau verða að vera ýmisleg eptir loptslaginu, atvinnuvegunum og hugsunarhætti þjóðanna, og er klæðnaðrinn því ein einkennileg grein þjóðernisins, sem allar dugandis þjóðir vilja leitast við að prýða sem mest, og það jafnvel villiþjóðirnar. — Nú vona eg, að það sé óþarfi, að fara fleirum orðum um þetta. Allir sjá, að búníngrinn er ein grein af þjóðerninu, og er þess vegna í alla staði aðgæzlu og umtals verðr, og munu Íslendíngar einir ekki verða öðrum fráskila í því máli.[i]

Svo skrifaði Sigurður Guðmundsson málari í grein í tímariti Jóns Sigurðssonar, *Ný félagsrit,* árið 1857. Greinin markaði endurnýjun á íslenskum þjóðbúningum. Skautbúningurinn og kyrtillinn eru hannaðir af Sigurði í samstarfi við íslenskar konur og var skautbúningurinn fyrst borinn af konu árið 1859 en kyrtillinn á dansleik 1871. Þessir búningar urðu

## NOGLE ORD OM KVINDERS PÅKLÆDNING OG KROP

> En af nationernes nødvendigheder er påklædningen; den kendetegner dem meget og beskriver deres forskellige tankegang og køn. Påklædningen står mest i forbindelse med klimaet og har tre hovedformål: at beskytte mennesket mod naturens påvirkninger udefra, eller mod varme, kulde og regn; den er også til at skjule kroppens nøgenhed, og det er dens moralske formål; og for det tredje er påklædningen til skønhed, til at pryde og dekorere mennesket. Man kan også sige, at påklædningen er beregnet til to ting: til nytte og til skønhed. ... Nu ved alle, at mennesker skal bære tøj, og “klæder skaber folk”, som ordsproget siger. De skal være forskellige alt efter klimaet, erhvervene og nationernes tankegang, og påklædningen er derfor en karakteristisk del af nationaliteten, som alle dygtige nationer ønsker at pryde så meget som muligt, og det gælder endda de vilde nationer. — Nu håber jeg, at det er unødvendigt at sige mere om dette. Alle kan se, at påklædningen er en del af nationaliteten og derfor i alle henseender værd at overveje og diskutere, og islændinge vil ikke være anderledes end andre i denne sag.[i]

Sådan skrev maleren Sigurður Guðmundsson i en artikel i tidskriftet *Ný félagsrit*, i 1857. Artiklen markerede en fornyelse af de islandske nationaldragter. *Skautdragten*[1] og *kyrtillinn*[2] er designet af Sigurður i samarbejde med islandske kvinder, og blev *skautdragten* først båret af en kvinde i 1859,

helstu sparibúningar íslenskra kvenna og yfirleitt búningar fjallkonunnar.[ii] Ragnheiður Kristjánsdóttir prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands skrifaði svo um fjallkonuna í ritinu *Fjallkonan* sem var gefið út í sumar í tilefni 80 ára afmæli lýðveldisins: „Fjallkonan er sprottin úr hugarheimi þeirra karla sem mótuðu íslenska þjóðernisstefnu á nítjándu öld og lengst af voru það karlar sem ákváðu hvar og hvernig hún kæmi fram, hvort sem það var í textum, á myndum eða sem uppáklædd talandi kona".[iii]

Sigurði málara gramdist sá klæðnaður sem íslenskar konur gengu í og átti það sérstaklega við um faldbúninginn - og eru endalok hans talin vera um 1860.[iv] Vafalaust hafði gagnrýni Sigurðar þar mikil áhrif. Sá þjóðbúningur við þekkjum í dag af upphlutnum er arfleið gamla faldbúningsins en sjálfur upphluturinn þjónaði hlutverki korseletts undir faldbúninginn. Þróun upphlutarins sem búnings byrjaði upp úr 1860 og var hann geysilega vinsæll á 20. öld. Fyrst þótti upphluturinn djarfur, konur þóttu næstum vera á nærklæðunum þar sem að efri hluti upphlutarins hafði áður verið falinn undir treyju á faldbúningnum. En treyjan á skautbúningnum náði niður í mitti og því engin þörf fyrir upphlutinn.[v]

Peysufötin eru talin hafa þróast allt frá 15.-16. öld[vi], eða frá þeim tíma sem Íslendingar byrjuðu að prjóna.[vii] Peysufötin eru kennd við efri hluta búningsins; peysuna, sem var upphaflega prjónuð, en þróaðist svo yfir í að vera saumuð flík á 19. öld. Fyrir flesta nútíma Íslendinga þekkjast peysufötin af slifsinu en þegar leið á 20. öldina breikkuðu slifsin, voru yfirleitt gerð úr fínustu efnum og voru jafnvel ámáluð. Peysuföt eru endrum og eins kölluð

mens *kyrtillinn* blev båret til en fest i 1871. Disse dragter er de mest formelle af de islandske nationaldragter og er generelt den påklædning *fjeldkvinden (isl. fjallkona)* bærer til Islands nationaldag.[ii] Ragnheiður Kristjánsdóttir, professor i historie ved Islands Universitet, skrev om fjeldkvinden i bogen *Fjallkonan*, som blev udgivet i sommers i anledning af republikkens 80-års jubilæum: "Fjeldkvinden er opstået fra idéverdenen hos de mænd, der formede den islandske nationalisme i det nittende århundrede, og i lang tid var det mænd der bestemte, hvor og hvordan hun skulle optræde, hvad enten det var i tekster, billeder eller som en påklædt talende kvinde".[iii]

Sigurður var utilfreds med den påklædning, som islandske kvinder bar, især *falddragten*[3] - og dens afslutning anses for at være omkring 1860.[iv] Sigurðurs kritik havde nok stor indflydelse. Den nationaldragt, vi kender i dag som *upphlutur (korset)*[4], er en arv fra den gamle *falddragt*, selve *upphluturinn* fungerede som korset under *falddragten*. Udviklingen af *upphluturinn* som dragt begyndte omkring 1860, og den var meget populær i det 20. århundrede. Først blev *upphluturinn* betragtet som dristig, kvinder blev anset for at være nærmest i undertøjet, da den øverste del af *upphluturinn* tidligere var skjult under en jakke på *falddragten*. Men jakken på den nye *skautdragt* nåede ned til taljen, og derfor var det ikke et behov for korset ned under.[v]

En anden dragt er *peysutøj*[5], som menes at have udviklet sig fra det 15.-16. århundrede, eller fra den tid, hvor islændinge begyndte at strikke.[vii] *Peysutøj* er opkaldt efter den øverste del af dragten, den knappede langærmede bluse; *peysa*. Den var



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Heimagerð* (2022)

**IS** „Búningurinn er heimagerður. Ég notaði gömul föt og víravirki sem ég fann í Nytjamarkaðnum á Selfossi. Mig langaði til að búa til búning með innblástri frá 19. aldar faldbúningi, þar sem ég gat ekki fengið lánaðan búning hjá Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn. Ég bjó til búninginn í listamannadvöl í Varmahlíð, þar sem ég var að undirbúa mig fyrir gjörning hjá Norræna húsinu í Odense. Ég vildi hafa hann ljósan yfirlitum, því oftast eru búningarnir dökkir.“

**DK** “Dragten på billedet er hjemmelavet. Jeg brugte gammelt tøj og filigran fra en genbrugsbutik på Selfoss. Jeg ville lave en dragt med inspiration fra det 19. århundredes falddragt, da jeg ikke kunne låne den på Nationalmuseet. Jeg lavede den imens jeg var på kunstnerophold i Varmahlíð, som forberedelse til et performance event i Nordatlantisk Hus i Odense. Dragten skulle være lys, da de fleste dragter er i mørke farver.”

húfubúningur eftir skotthúfunni sem borin er við búninginn. Skotthúfan er þó einnig borin með upphlutnum. [viii]

En aftur að Sigurði málara. Skoðun hans var sú að faldbúningurinn væri eftirherma útlenskra klæða, meðal annars undir enskum og hollenskum áhrifum og ætti lítið skylt við búning íslenskra kvenna fyrr á öldum. Tók hann fjölmörg dæmi úr Íslendingasögunum sér til stuðnings. Þangað vildi hann aftur leita og skrifaði því grein með ítarlegum leiðbeiningum um hvernig konur skyldu klæða sig.[ix] Ragnheiður skrifar svo um hugmyndir Sigurðar:

> Sigurður skrifar um þjóðernislegt hlutverk kvenna, að þó að þeim sé gefinn minni styrkur en karlmönnum séu þær „af guði ætlaðar til að vera leiðarstjörnur til allrar fegurðar og föðurlandsástar, til allrar hreysti og manndóms“. Hann fullyrðir að þetta sé eðlilegt því náttúran hafi hagað því svo til að barninu sé eðlilegast að fylgja móður sinni, það sé hún sem kenni því „grundvöllinn til alls, eptir því sem hún hefir vilja og vit á“. Í framhaldi af því brýnir Sigurður fyrir íslenskum konum að það sé mikilvægt fyrir þjóðina að þær klæðist fallegum þjóðlegum kvenbúningi. Þetta snúist um að rækta, rótfesta, næra og viðhalda tilfinningu fyrir hinu fagra og þjóðlega. Þið konurnar, skrifar Sigurður, eruð frá náttúrunnar hendi fegurri en „vér karlmennirnir“ og eftir ykkar mynd er Ísland kallað „fjallkonan fríð“.[x]

oprindeligt strikket, men udviklede sig til at være en syet beklædningsgenstand i det 19. århundrede. *Peysutøj* kaldes nogle gange huedragt, efter *skotthúfan,*[6] der bæres med dragten. Skotthuen bæres dog også sammen med *upphlutur.*[viii]

Men lad os komme tilbage til Sigurður. Hans mening var, at *falddragten* var en efterligning af udenlandske klæder, f.eks. under engelsk og hollandsk indflydelse, og havde for lidt at gøre med islandske kvinders påklædning i tidligere tider. Han tog mange eksempler fra de islandske sagaer til støtte for sin holdning. Dette ville han lave om på og skrev derfor instruktioner om, hvordan kvinders påklædning burde se ud.[ix] Ragnheiður skriver således om Sigurðurs idéer:

> Sigurður skriver om kvinders nationale rolle, at selvom de er givet mindre styrke end mænd, er de “af Gud bestemt til at være ledestjerner for al skønhed og fædrelandskærlighed, for al tapperhed og manddom”. Han hævder, at dette er naturligt, fordi naturen har indrettet det sådan, at barnet naturligt følger sin mor, det er hende, der lærer det “grundlaget for alt, efter hvad hun har vilje og viden til”. I forlængelse heraf understreger Sigurður over for islandske kvinder, at det er vigtigt for nationen, at de bærer smukke nationale kvindedragter. Dette handler om at dyrke, rodfæste, nære og vedligeholde følelsen for det smukke og nationale. I kvinder, skriver Sigurður, er fra naturens hånd smukkere end “vi mænd” og efter jeres billede kaldes Island “den smukke fjeldkvinde”.[x]

## AÐ GEFA BRJÓST Í SKAUTBÚNING

Á þeim tíma sem Sigurður og samstarfskonur hans hanna skautbúninginn er ungbarnadauði á Íslandi mestur á öllum Norðurlöndunum: „fram á níunda áratug 19. aldar er ungbarnadauði þannig að jafnaði um 80% hærri á íslandi en í Danmörku."[xi] Fræðimenn hafa sýnt fram á að ungabarnadauði hafi verið hvað mestur á þeim svæðum þar sem konur gáfu börnum ekki brjóst. Margar íslenskar konur á 18. og 19. öld reyrðu brjóstin sín strax eftir fæðingu og gáfu börnunum oft óþynnta og kalda kúamjólk. Hreinlætið í kringum slíkar gjafir var lítið.[xii] Á fyrri öldum höfðu konur á Íslandi verið með börn á brjósti, t.d. kemur fram í *Grágás* frá 12. öld að móðir með barn á brjósti hafi ekki þurft að fasta.[xiii] Ekki er hægt að segja nákvæmlega hver sé ástæða þess að konur gáfu ekki brjóst á þessum öldum, líklegast er að margþættar ástæður lágu þar að baki, félagslegar, menningarlegar og samfélagslegar.[xiv]

Tíðni ungabarnadauða á Íslandi var mismunandi eftir landsvæðum, konur í sumum sýslum gáfu börnum sínum alla jafna fyrst fasta fæðu við þriggja mánaða aldurinn á meðan ungabörn í öðrum fengu fasta fæðu strax á fyrsta mánuði.[xv] Þremur árum áður en Sigurður málari fékk grein sína um kvenbúninginn birta skrifaði Jón Finsen, sem þá nýlega hafði tekið við embætti héraðlæknis í austurhluta Norðuramts, svo: „Dödelighed blandt spæde Börn er meget ringe her i Distriktet. ... Om en bedre Opfostrings Methode bidrager til dette heldige Forhold skal jeg ikke kunne sige, men blot bemærke at de fleste Mödre her give deres Börn die."[xvi] Tíðni ungbarnadauða fer lækkandi eftir 1870 þegar fræðsla um brjóstagjöf og hreinlæti tók að hafa áhrif.[xvii]

## AT AMME I NATIONALDRAGTER

På det tidspunkt, hvor Sigurður og hans samarbejdspartnere designer skautdragten, er spædbarns-dødeligheden i Island den højeste af alle de nordiske lande: "frem til 1880'erne er spædbarnsdødeligheden således i gennemsnit omkring 80% højere i Island end i Danmark."[xi] Forskere har påvist, at spædbarns-dødeligheden var højest i de områder, hvor kvinder ikke ammede deres børn. Mange islandske kvinder i det 18. og 19. århundrede bandt deres bryster op straks efter fødslen og gav ofte deres børn ufortyndet og kold komælk. Hygiejnen omkring sådanne gaver var ringe.[xii] I de tidligere århundreder havde kvinder i Island ammet deres børn, f.eks. fremgår det af *Grágás* fra det 12. århundrede, at en mor med et barn ved brystet ikke behøvede at faste.[xiii] Vi ved ikke med sikkerhed, hvorfor islændinge antog at brystmælken ikke var den bedste næring for spædbørn i perioden. Svaret er nok, at mange forskellige forhold lå bag ved, samfundsmæssige, kulturelle og sociale.[xiv]

Spædbarnsdødeligheden i Island varierede efter regioner, kvinder i nogle sysler gav generelt deres børn fast føde ved tre måneders alderen, mens andre spædbørn normalt fik fast føde allerede i den første måned.[xv] Tre år før Sigurður fik sin artikel om kvindedragter offentliggjort, skrev Jón Finsen, som netop havde tiltrådt som distriktslæge i den østlige del af Norðuramt, således: "Dödelighed blandt spæde Börn er meget ringe her i Distriktet. ... Om en bedre Opfostrings Methode bidrager til dette heldige Forhold skal jeg ikke kunne sige, men blot bemærke at de fleste Mödre her give deres Börn die."[xvi] Spædbørns-dødeligheden begyndte at falde efter 1870, efter informationer om amning blev mere tilgængelige.[xvii]

Í BA ritgerð í mannfræði frá 2023 skrifar Þórunn Helga Jóhannesdóttir að brjóstagjöf falli inn í báða flokka tvíhyggjunnar (e. *dualism* ); menningu og náttúru. Flestir heilbrigðis-starfsmenn og sumir fræðimenn telja brjóstagjöf náttúrulegt ferli, að líkami kvenna sé hannaður til að næra ungabörn; aðrir tala um menningarlega ferlið á bakvið ákvörðunina um að gefa brjóst og taka sem dæmi þá staðreynd að íslenskar konur gáfu ekki brjóst á 18. og 19. öld, vegna ríkjandi samfélagslegra hugmynda.[xviii]

Umræður um brjóstagjöf eru því áhugaverðar þegar litið er til kvenlíkamans og klæðnað hans. Margar gerðir þjóðbúninga eru t.d. mjög óhentugir fyrir brjóstagjöf sem endurspeglar samfélagið sem þeir mótuðust.

I en bachelorafhandling i antropologi fra 2023 skriver Þórunn Helga Jóhannesdóttir, at amning falder ind under begge kategorier af dualismen; kultur og natur. Sundhedspersonale og nogle forskere mener, at amning er en naturlig proces, at kvindens krop er designet til at nære spædbørn; andre taler om en kulturel proces bag amning og nævner f.eks. præcis det, at islandske kvinder ikke ammede i det 18. og 19. århundrede på grund af sociale og samfundsmæssige forestillinger.[xviii]

Diskussioner om amning er derfor interessante, når man ser på kvindekroppen og dens påklædning. Flere typer af nationaldragter er ikke godt egnet til amning, og afspejler de på den måde det samfund de stammer fra.



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Móðir* (2023)

**IS** „Þarna var ég nýbúin að eiga strákinn minn og vildi taka sjálfsmynd á meðan ég var að gefa brjóst. Ég var svo heppin að fá peysufötin að gjöf frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur á meðan ég var ólétt og passaði ég vel í þau. Ég gat því tekið myndir af mér þó að líkaminn væri að fara í gegnum miklar breytingar. Það var einmitt það sem mér fannst svo áhugavert að skoða.“

**DK** “Der har jeg lige født min søn og ville tage et billede imens jeg ammede. Jeg var så heldig at få *peysutøj* i gave fra Folkedans foreningen i Reykjavik imens jeg var gravid, og der passede mig. Jeg kunne derfor stadig tage billeder selvom min krop ændrede sig så meget. Det var det jeg syntes var så interessent at fokusere på.”

## PILSVARGAR

Hinar ensku súffragettur í kvenréttindafélaginu *Women´s Social and Political Union* (WSPU) voru þekktar fyrir áhrifaríkar baráttuaðferðir fyrir auknum réttindum kvenna í upphafi 20. aldar. Frásagnir af baráttu þeirra rötuðu í íslensku blöðin og var umfjöllunin yfirleitt í niðrandi tón. Áhugavert í þessu samhengi er að þessar konur voru kallaðar „pilsvargar“.[xix] Konur sem voru notaðar sem dæmi um hversu illa færi þegar þær blönduðu sér í stjórnmál með framíköllum, hungurverkföllum og skemmdarverkum voru ekki „eðlilegar“ konur í pilsum og því vargar - en þær voru ekki bara vargar heldur þurfti að kenna þær við kyn sitt. Úr bókinni *Konur sem kjósa:*

> Talsverð andstaða var gegn því að konur fengju kosningarétt. Fyrir því voru færð ýmis rök, helst þau að þátttaka kvenna í stjórnmálum og störf utan heimilisins myndi leiða til upplausnar samfélagsins. Konur myndu snúa baki við hefðbundnu hlutverki sínu sem mæður og húsmæður og breytast í nokkurs konar karlkonur. Þessi ótti var ekki séríslenskur heldur alheimsfyrirbæri. Hann birtist í þingræðum, blöðum og tímaritum, skáldskap og skopmyndum þar sem gjarnar voru dregnar upp myndir af konum á leið á fundi eða þing, klæddar að hálfu sem karl og að hálfu sem kona. Eiginmaðurinn sat eftir heima með svuntu, börnin allt í kring og pottar á eldavélinni.[xx]

## SKADEDYR I NEDERDELE

De engelske suffragetter i kvindebevægelsen *Women's Social and Political Union* (WSPU) var kendte for deres effektive metoder i kampen for kvinders rettigheder i begyndelsen af det 20. århundrede. Beretninger om deres kamp nåede de islandske aviser og blev generelt omtalt i en nedladende tone. Interessant i denne sammenhæng er, at disse kvinder blev kaldt skadedyr i nederdele; *pilsvargar*.[xix] Kvinder, der blev brugt som eksempler på, hvor galt det kunne gå, når de blandede sig i politik med råb, sultestrejker og hærværk, var ikke "normale" kvinder i nederdele men skadedyr - men de var heller ikke „bare“ skadedyr, de skulle også forbindes med deres køn. Her fra bogen *Kvinder som stemmer*:

> Der var betydelig modstand mod, at kvinder fik stemmeret. Der blev fremsat forskellige argumenter, især at kvinders deltagelse i politik og arbejde uden for hjemmet ville føre til samfundets opløsning. Kvinder ville vende ryggen til deres traditionelle rolle som mødre og husmødre og blive en slags mandkvinder. Denne frygt var ikke specielt islandsk, men et globalt fænomen. Den kom til udtryk i parlamentsdebatter, aviser og tidsskrifter, litteratur og karikaturer, hvor der ofte blev tegnet illustrationer af kvinder på vej til møder eller parlamentet, klædt halvt som mænd og halvt som kvinder. Manden blev efterladt hjemme med et forklæde, børnene omkring sig og gryderne på komfuret.[xx]

 

*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Bumba* (2023)

**IS** „Hérna er ég komin á steypirinn – meira að segja fram yfir settan dag. Mér fannst skrýtið að sjá mig ólétta í búning, minntist þess ekki að hafa séð það áður, ólétta konu í þjóðbúning.“

**DK** “Her er jeg gået over termin. Jeg husker, at jeg syntes det var underligt at se mig selv gravid i en dragt, jeg kan ikke huske at have set før en gravid kvinde i nationaldragt.”

## MÆÐUR SANNRA ÍSLENDINGA

Deilur um stöðu kvenna í Englandi var ekkert einsdæmi og hér á landi, sem og annars staðar, voru klæði kvenna oft í brennidepli þegar skoðanaskipti stóðu sem hæst. Eitt helsta átakamálið varðandi mótun íslensks samfélags á millistríðsárunum var staða, eðli og hlutverk kvenna innan þess. Átök á milli dreifbýlis og þéttbýlis, togstreita á milli fortíðar og framtíðar og mismunandi skoðanir um Ísland sem þjóðríki höfðu þar mikil áhrif.[xxi] Á þessum tíma var kvenímynd „nýju konunnar" hvað sterkust hér á landi en hugmyndafræði hennar kom fram erlendis í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, þegar það myndaðist rof milli orðræðunnar um stöðu kvenna og hinnar raunverulegu stöðu kvenna[xxii] og skilin milli einka- og opinbera sviðsins urðu óljósari.[xxiii] ,,Nýjar konur" í vestrænum löndum klipptu hár sitt, styttu pilsin, reyktu, drukku, dönsuðu, æfðu íþróttir, keyrðu bíla, höfðu frjálslyndari viðhorf gagnvart kynlífi og lifðu lífinu eins og ungir karlmenn.

Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur heldur því fram í doktorsritgerð sinni að karlmenn hér á landi hafi orðið tákn fyrir nútímann en konur, eða kvenleiki, tákn fyrir fortíðina – hið þjóðlega. Konur urðu því eins konar landamæraverðir þjóðlegrar menningar. Þeirra hlutverk var að standa vörð um þjóðlega siði og ala upp sanna Íslendinga. Kvenréttindahreyfingin á þessum tíma skiptist að einhverju leyti upp í tvær fylkingar sem oftar en ekki sköruðust; siðferðislega kvenréttindabaráttu og húsmæðrastefnu. Húsmæðrastefnan var sú hugmyndafræði að helsta hlutverk kvenna væri húsmóður- og móðurhlutverkið, en siðferðislega kvenréttindabaráttan vildi aukin réttindi kvenna á opinberum vettvangi.[xxiv]

## MØDRE AF SANDE ISLÆNDINGE

Diskussionerne om kvinders status i England var ikke enestående, og i Island, som i andre lande, var kvinders påklædning ofte i fokus, når meningsudvekslinger var på sit højeste. Et af de vigtigste stridspunkter vedrørende udformningen af det islandske samfund i mellemkrigstiden var kvinders status, natur og rolle inden for det moderne samfund. Konflikter mellem land og by, fortid og fremtid, og forskellige synspunkter om Island som nationalstat havde stor indflydelse.[xxi] På dette tidspunkt stod det moderne kvindeideal - "den nye kvinde" stærkest i Island. Idealet opstod i udlandet i kølvandet på Første Verdenskrig, da der opstod en kløft mellem diskursen om kvinders status og kvinders reelle status,[xxii] og grænserne mellem det private og offentlige sfære blev mere uklare.[xxiii] "De nye kvinder" i vestlige lande klippede deres hår, forkortede deres nederdele, røg, drak, dansede, dyrkede sport, kørte biler, havde mere liberale holdninger til sex og levede livet ligesom unge mænd.

Historikeren Sigríður Matthíasdóttir argumenterer for i sin doktorafhandling, at mænd blev symboler på modernitet, mens kvinder, eller kvindelighed, blev symboler på fortiden - det nationale. Kvinder blev derfor en slags grænsevagter for den nationale kultur. Deres rolle var at beskytte nationale skikke og opdrage sande islændinge. Kvindebevægelsen på dette tidspunkt var opdelt i to fraktioner, som ofte overlappede; den moralske kvindekamp og husmødrebevægelsen. Husmødrebevægelsen var den ideologi, at kvinders hovedrolle var som husmødre og mødre, mens den moralske kvindekamp ønskede flere rettigheder for kvinder i det offentlige.[xxiv]

Átökin í samfélagsumræðunni um stöðu kvenna á fyrri hluta 20. aldar enduðu að mestu leyti með sigri húsmæðrastefnunnar.[xxv] Í húsmæðrastefnunni fólst hvatning til kvenna um að klæðast þjóðlegum klæðnaði, helst þjóðbúningi og var „nýja konan“ því að mörgu leyti andstæða hinnar þjóðernislegu húsmóður. Fylgjendur stefnunnar sóttust ekki eftir að komast inn á opinbert svið karla, en forystukonur stefnunnar notuðu hana samt sem áður til að koma sér til valda í samfélaginu. Sem dæmi má nefna Halldóru Bjarnadóttur, ritstýru tímaritsins *Hlínar* og heimilisiðnaðarráðunaut. Hún ferðaðist um landið og breiddi út þjóðernislega húsmæðrastefnu til íslenskra kvenna: „Heimilin eiga að vera vígi þess hollasta og bezta í íslenzku þjóðlífi, verndari erfðanna frá forfeðrum okkar.“[xxvi] Árið 1942 hélt Halldóra erindi í Ríkisútvarpinu um Sigurð málara og þjóðbúninginn:

> En ekki er það minna vert, sem Sigurður gerði fyrir íslenska þjóðbúninginn, því mega íslenskar konur aldrei gleyma. — Hann var óþreytandi um að sýna fram á, hve hinn forni kvenbúningur hefði verið fagur og hve raunalega spiltur hann væri orðinn. — En hann gerði meira en finna að og tala, hann *framkvæmdi.* — Hann fjekk margar ágætar, áhugasamar konur í lið með sjer, konur, sem ásamt honum, unnu að því að fegra og bæta búningana á ýmsa lund. — Sigurður teiknaði, málaði og bjó til snið. Hann hvatti gullsmiðina til að smíða fagurt kvensilfur. — Hann sýndi hvernig sauma skyldi í samfellurnar og skauttreyjurnar og draga í slörin. Íslensk blóm hafði hann mest til fyrirmyndar. ... Vegna hinnar þjóðlegu vakningar, sem gekk yfir landið eftir 1874, þjóðhátíðarárið, tók fjöldi kvenna upp þennan

Konflikterne i samfundsdebatten om kvinders status i første halvdel af det 20. århundrede resulterede for det meste i en sejr for husmødrebevægelsen.[xxv] Bevægelsen opfordrede kvinder til at bære nationalt tøj, helst nationaldragter, og “den nye kvinde” var derfor på mange måder modsætningen til den nationale husmor. Tilhængere af bevægelsen søgte ikke at komme ind på mændenes offentlige sfære, men bevægelsens ledende kvinder brugte den alligevel til at opnå magt i samfundet. For eksempel Halldóra Bjarnadóttir, redaktør af tidsskriftet *Hlín* og husflidskonsulent. Hun rejste rundt i landet og spredte den nationale husmødrebevægelse til islandske kvinder: “Hjemmene skal være bastioner for det sundeste og bedste i det islandske liv, beskyttere af vores forfædres arv.”[xxvi] I 1942 holdt Halldóra en tale i radioen om Sigurður og nationaldragten:

> Men det er ikke mindre værdifuldt, hvad Sigurður gjorde for den islandske nationaldragt, det må islandske kvinder aldrig glemme. — Han var utrættelig i at vise, hvor smuk den gamle kvindedragt havde været, og hvor sørgeligt forringet den var blevet. — Men han gjorde mere end at kritisere og tale, han *handlede.* — Han fik mange fremragende, engagerede kvinder med sig, kvinder, som sammen med ham arbejdede på at forskønne og forbedre dragterne på forskellige måder. — Sigurður tegnede, malede og lavede mønstre. Han opfordrede guldsmedene til at lave smukke kvindesmykker. — Han viste, hvordan man skulle sy i kjolerne og skauttrøjerne og trække i slørene. Islandske blomster brugte han mest som forbillede. ... På grund af den nationale opvågning, der gik over landet efter 1874,

fagra endurbætta skautbúning. Þótti varla sá maður með mönnum, sem ekki eignaðist búninginn, og helst átti konan, sem bar hann, að hafa saumað hann sjálf, það var að minsta kosti almennur siður, að stúlkur sem ætluðu að giftast, lærðu að skattera og baldýra, svo þær gætu komið sjer búningnum upp. Hann var um þetta leyti svo algengur, að margar vinnukonur komu honum upp, og var kaup þeirra þó ekki ýkjahátt í þá daga. — Og þá var búningurinn *notaður*, ekki látinn liggja niðri á kistubotni, hann var borinn við allar kirkjulegar athafnir, veislur og dansleiki (kyrtill) og jafnvel í heimahúsum.

---

En hvernig ætli Sigurði málara litist á, ef hann mætti nú líta upp úr gröf sinni!

Ætli honum þætti ekki íslenskar konur vera æði mikið búnar að snúa baki við hinum fögru þjóðbúningum okkar, sem fara íslenskum konum svo mætavel.

Þjóðbúningurinn er að hverfa af íslensku kvenþjóðinni, og hefur þessu stórlega hrakað síðan um aldamót. —

Það væri ekki vanþörf á því, að einhver jafnáhugasamur og áhrifaríkur maður og Sigurður málari risi nú upp og eggjaði íslenskar konur lögeggjan um að nota þjóðbúningana, þó ekki væri nema til sparibúninga, því með engu móti má það viðgangast, að hinir fögru, stílhreinu og tilkomumiklu íslensku búningar leggist niður.[xxvii]

nationalfeståret, tog mange kvinder denne smukke forbedrede skautdragt op. Det blev anset for næsten uundgåeligt at eje en dragt, og helst skulle kvinden, der bar den, have syet den selv, det var i det mindste almindelig skik, at piger, der skulle giftes, lærte at brodere og sy, så de kunne lave dragten selv. På dette tidspunkt var den så almindelig, at mange tjenestepiger fik den, selvom deres løn ikke var særlig høj dengang. — Og dragten blev *brugt*, ikke efterladt i bunden af en kiste, den blev båret ved alle kirkelige ceremonier, fester og danse (kyrtill) og endda i hjemmene.

---

Men hvad mon maleren Sigurður ville tænke, hvis han nu kunne kigge op fra sin grav!

Ville han ikke synes, at islandske kvinder i høj grad har vendt ryggen til vores smukke nationaldragter, som klæder islandske kvinder så godt.

Nationaldragten er ved at forsvinde fra de islandske kvinder, og dette er blevet meget værre siden århundredeskiftet. —

Der ville ikke være noget galt i, at en lige så engageret og indflydelsesrig person som Sigurður rejste sig og opfordrede islandske kvinder kraftigt til at bruge nationaldragterne, om ikke andet så som festdragter, for det må på ingen måde ske, at de smukke, stilrene og imponerende islandske dragter går i glemmebogen.[xxvii]



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Stelpuskott* (2024)

## „TÍSKUNNAR ÞRÆLAR“

Sigríður Matthíasdóttir telur nafngiftina „nýja konan“ ná yfir tvenns konar kvenímyndir; nútímalega tískukonu og svo kvenréttindakonuna. Hún telur að þessar ímyndir hafi tengst og oftar en ekki skarast, jafnvel runnið saman í eina ímynd. Bæði tískukonan og kvenréttindakonan vildu „samræma kvenleikann nútímalegum gildum“ og leyfa þeim kvenleika að eignast sinn sess í nútímanum. Með öðrum orðum gera „nýju konuna“ að hinni nýju ímynd kvenleikans og láta hana þannig öðlast sátt samfélagsins.[xxviii]

,,Nýja konan“ fékk á sig mikla gagnrýni en hún var talin óþjóðleg og beinlínis hættuleg samfélaginu. Andstæðingar hennar töldu mikilvægt að vakta landamærin á milli kvenleika og karlmennsku.[xxix] Almenn andstaða gegn auknum kvenréttindum jókst einnig á öðrum og þriðja áratug 20. aldar. Gagnrýninni var þannig ekki einungis beint gegn hugmyndafræði „nýju konunnar“ heldur almennt að stöðu konunnar í nútímasamfélagi.[xxx] Sigríður orðar það svo: „[í]mynd nútímakonunnar varð þannig að bitbeini í deilum þriðja áratugarins um íhaldsemi og frjálslyndi, deilum sem snerust um borgarmenningu og sveitamenningu, nútíð og fortíð.“[xxxi] Sagnfræðingurinn Vilhelm Vilhelmsson setur andstöðuna einnig í samhengi við spurningar um siðferði: „léttúð unga fólksins á mölinni [var] farin að valda áhyggjum hjá mörgum“.[xxxii] Siðferðisvinkilinn er óskaplega spennandi en hér mun ekki vera kafað dýpra í hann. Vert er þó að minnast á að Vilhelm fjallar um að Ingibjörg Ólafsson hafi skrifað í bæklinginn *Nokkur orð um siðferðisástandið* sem kom út árið 1912 að drykkja og vændi íslenskra stúlkna í Kaupmannahöfn „íklæddra íslenskum þjóðbúningi, [var] sagt bera vott um „grátlegt tilfinningaleysi fyrir heiðri hinnar íslenzku þjóðar“.“[xxxiii] Kröfurnar á

## "MODENS TRÆLLE"

Sigríður Matthíasdóttir antager, at betegnelsen "den nye kvinde" dækker over to typer kvindeidealer; den moderne modekvinde og kvindeforkæmperen. Hun skriver, at disse idealer var forbundet og ofte overlappede hinanden, endda smeltede sammen til ét ideal. Både modekvinden og kvindeforkæmperen ønskede at "harmonisere kvindeligheden med moderne værdier" og give denne kvindelighed en plads i nutiden. Med andre ord at gøre "den nye kvinde" til det nye kvindelighedsideal og dermed opnå samfundets accept.[xxviii]

"Den nye kvinde" blev stærkt kritiseret, da hun blev anset for at være unational og direkte farlig for samfundet, og hendes modstandere mente, det var vigtigt at bevogte grænserne mellem kvindelighed og mandighed. Den generelle modstand mod øgede kvinders rettigheder voksede også i 1910'erne og 1920'erne, så kritikken var ikke kun rettet mod "den nye kvindes" ideologi, men generelt mod kvinders status i det moderne samfund.[xxx] Sigríður formulerer det således: "[i]dealen af den moderne kvinde blev således et stridspunkt i 1920'ernes debatter om konservatisme og liberalisme, debatter, der handlede om bykultur og landkultur, nutid og fortid."[xxxi] Historikeren Vilhelm Vilhelmsson sætter modstanden i sammenhæng med spørgsmål om seksualmoralen: "[D]en unge generations letsindighed i byen [var] begyndt at bekymre mange."[xxxii] Denne vinkel er utroligt spændende, men her vil vi ikke dykke dybere ned i den. Det er dog værd at nævne, at Vilhelm skriver at Ingibjörg Ólafsson, i pjecen *Nogle ord om seksuelmoralen* udgivet i 1912, skrev, at drikkeri og prostitution blandt islandske piger i København "klædt i islandske nationaldragter, [blev] sagt at vidne om 'en sørgelig mangel på følelse

konur sem þó klæddust þjóðbúning voru ekki litlar; þær áttu að vera fulltrúar íslensku þjóðarinnar og urðu að halda uppi heiðri landsins.

Þannig varð gagnrýni á nútímasamfélagið að gagnrýni á nútímakonuna. Jóhannes frá Kötlum var einn þeirra sem blandaði sér í umræðuna um klæðnað kvenna og skrifaði hann m.a. um áhrif tísku á ungt fólk árið 1928:

> Bólað hefir á talsverðum áhuga ýmsra mætra manna fyrir því, að þau þjóðleg sérkenni, sem fram til þessa hafa haldið velli, fái sem bezt að njóta sín, og að sum önnur, sem löngu eru fallin í fyrnsku, verði hafin til endurreisnar. Í þá átt stefnir meðal annars þjóðbúningahreyfingin. Sumir kunna að líta á alla slíka viðleitni sem úrelta »rómantík«, utangátta við allan lífrænan hugsunarhátt. Öðrum kann að virðast, sem fyrirkomulag um klæðaburð sé einbert hégómamál, — það séu ekki fötin, sem skapi fólkið. Að vísu má þó öllum vera það augljóst, hvílík óhemju áhrif hinar ævarandi tízkueltingar hljóta að hafa á skapgerð og hugsunarhátt alls þorra þjóðarinnar og þó einkum æskulýðsins. Þar er að verki sköpunarsaga, margbrotnari en margur hyggur. Smekkleysi og hirðuleysi í þessum efnum er sízt bót mælandi, en eitthvað annað þarfara hlýtur að bíða karla og kvenna, íslenzkra, hin næstu þúsund ár, en slíkur auðvirðilegur eltingaleikur. Sá er einn kostur þjóðbúninga, að þeir hamla nokkuð á móti örum tízkubreytingum. En hitt er þó höfuð kostur þeirra um fram allan almennan klæðaburð, að við þá eru tengdar sérstakar hugsjónir. Þeir gera meir en það eitt að skýla líkamlegri nekt, því við þá er tengt

for den islandske nations ære'."[xxxiii] Kravene til kvinder, der bar nationaldragter, var heller ikke små; de skulle være repræsentanter for den islandske nation og opretholde landets ære.

Således blev kritikken af det moderne samfund til kritik af den moderne kvinde. Jóhannes frá Kötlum var en af dem, der deltog i debatten om kvinders påklædning og skrev blandt andet om modens indflydelse på unge mennesker i 1928:

> Der har været en betydelig interesse blandt forskellige fremtrædende personer for, at de nationale kendetegn, der hidtil har holdt stand, får lov til at blomstre, og at nogle andre, der længe har været glemt, bliver genoplivet. I den retning går blandt andet nationaldragtsbevægelsen. Nogle kan betragte al sådan bestræbelse som forældet »romantik«, uden forbindelse til nogen organisk tankegang. Andre kan mene, at påklædningsspørgsmålet er rent overfladisk, — det er ikke tøjet, der skaber mennesket. Men det burde være åbenlyst for alle, hvilken enorm indflydelse de evige modejagter må have på karakteren og tankegangen hos størstedelen af befolkningen og især ungdommen. Der er en skabelseshistorie i gang, mere kompleks end mange tror. Smagløshed og skødesløshed i disse spørgsmål er på ingen måde en forbedring, men der må vente de islandske mænd og kvinder noget mere nødvendigt de næste tusind år, end sådan en uværdig jagt. En fordel ved nationaldragter er, at de modvirker hurtige modeændringer. Men deres største fordel i forhold til almindelig påklædning er, at de er forbundet med særlige idealer. De gør mere end blot at skjule fysisk nøgenhed, for de er forbundet med en skjult

> hulið samband blóðskyldra kynslóða öld fram af öld. — Sé þjóðbúningur lítils verður, þá er þjóðfáni það engu síður. Gildi beggja liggur í hinu sama: langsærri meðvitund um sameiginlegt og þó sérstakt þjóðerni.[xxxiv]

Árið 1926 sendi Landsfundur kvenna á Akureyri frá sér áskorun til Læknafélags Íslands um að gefa eitthvað út um það hvernig hin nýja tíska hefði áhrif á heilsu stúlkna. En þessar konur, líkt og margir aðrir, töldu að afleiðingar hinnar nýju tísku gæti meðal annars orðið „[n]ábleik andlit, hryggskekkja, sífelldur lasleiki, blóðleysi og tæringarvottur.“[xxxv] Andstætt hinum heilsusamlega klæðnaði sem þjóðbúningurinn var.[xxxvi] Í *Morgunblaðinu* 1929 kom fram gagnrýni á klæðnað „nýju konunnar“ sem snerist þó aðallega um hversu bágt karlmenn áttu vegna fatatísku konunnar:

> [A]ð stundir koma, sem vjer verðum hálfleiðir yfir því, að sjá aldrei ósvikinn hörundslit á meyjarvanga og hálfgramir yfir því að geta aldrei látið ímyndunaraflið njóta sín í því hvernig leggirnir muni vera á 19 ára gömlu stúlkunni, sem vjer mætum. ... Öklinn er svona, leggirnir eru svona, armarnir eru svona og hálsinn er svona. — Eitt vitum vjer aðeins ekki, hvernig hinn rjetti litur vangans er, þegar Gvendabrunnavatnið hefir skolað burtu sjónhverfingunum.[xxxvii]

Árið 1921 skrifaði hin 15 ára María Thoroddsen í dagbókina sína að hún væri ekki hrifin af peysufötum og taldi vinkonur sínar kostulegar þegar þær klæddust slíku.[xxxviii] Þar var María sammála rithöfundinum Halldóri

> forbindelse mellem blodbeslægtede generationer gennem århundreder. — Hvis nationaldragten er uden værdi, så er nationalflaget det også. Værdien af begge ligger i det samme: en langvarig bevidsthed om fælles og dog særskilt nationalitet.[xxxiv]

I 1926 udsendte Kvindernes Landsmøde i Akureyri en opfordring til Islands Lægeforening om at udgive noget om, hvordan den nye mode påvirkede pigers helbred. Disse kvinder, ligesom mange andre, mente, at konsekvenserne af den nye mode kunne være "blege ansigter, rygskævhed, konstant sygdom, blodmangel og tegn på tuberkulose."[xxxv] I modsætning til den sunde påklædning, som nationaldragten var.[xxxvi] I avisen *Morgenbladet* i 1929 kom der kritik af den moderne påklædning, som dog hovedsageligt handlede om, hvor svært mænd havde det på grund af kvindernes modetøj:

> [T]ider kommer, hvor vi bliver halvked af aldrig at se den ægte hudfarve på en piges kind og halvirriterede over aldrig at kunne lade fantasien nyde, hvordan benene på den 19-årige pige, vi møder, mon ser ud. ... Anklen er sådan, benene er sådan, armene er sådan, og halsen er sådan. — Én ting ved vi dog ikke, hvordan den rigtige farve på kinden er, når kildevandet har skyllet illusionerne væk.[xxxvii]

I 1921 skrev den 15 årige María Thoroddsen i sin dagbog, at hun ikke var begejstret for *peysutøj* og fandt sine veninder morsomme, når de bar dem.[xxxviii] Her var María enig med forfatteren Halldór Laxness, som

Laxness sem skrifaði um hinar „sviplausu dulur“ sem kvenfólkið hengdi utan á sig; „að ég tali ekki um þennan svokallaða þjóðbúníng.“[xxxix] Hann skrifaði svo í grein sinni „Drengjakollurinn og íslenska konan“ árið 1925:

> [E]inmitt þetta ber drengjakollurinn vitni um: nýtt hugarfar, nýjan skilning á stöðu konunnar og lífshlutverki; hann er ytra tákn einhvers, sem nálgast spánýtt lífsviðhorf kvennanna. ...
> Talsmenn fortíðarinnar bera nútíðarkonunni á brýn, að hún bregðist því hlutverki, sem henni sje áskapað af náttúrinni, og meti þann hlut að vettugi, sem til þessa dags þótti helst aðall hennar, kvenleika sinn. Hún vanhelgi hina móðurlegu köllun, líti á hjónabandið eins og skopleik, vanræki börnin sín og kjósi sjer öll starfssvið fremur en það, sem liggi innan vjebanda heimilisins. ...
> Unga kynslóðin ber ekki mikla virðingu fyrir umvöndunarsemi eldra fólksins; hún leggur stórhuga dóminn á alt þetta vel hugsaða afturhaldsstrit. Hún sakar fortíðina um að hafa lítilsvirt eðli konunnar og niðurlægt og meðhöndlað hana eins og sálarleysingja. Fortíðin ól konuna upp sem kynferðisveru einvörðungu, - þannig, að hún yrði sem útgengilegust barneignavjel; þegar maðurinn stofnaði heimili sitt, þá var konan húsgagn húsgagnanna. ...
> Stutta hárið er hvorki meira nje minna en ytra tákn um endurmat allra gilda í viðhorfi nútíðarkonunnar. Vjer stöndum frammi fyrir gerbyltingu. Hver og einn velji sína aðstöðu.[xl]

skrev om de “udtryksløse pjalter”, kvinderne hængte på sig; “for ikke at tale om denne såkaldte nationaldragt.”[xxxix] Han skrev i sin artikel “Drengehåret og den islandske kvinde” i 1925:

> [D]et er netop dette, drengehåret vidner om: en ny tankegang, en ny forståelse af kvindens status og livsrolle; det er et ydre tegn på noget, der nærmer sig et helt nyt livssyn for kvinderne. ...
> Fortidens fortalere bebrejder nutidens kvinder, at de svigter den rolle, som naturen har tildelt dem, og ikke værdsætter den egenskab, som indtil i dag har været deres største pryd, deres kvindelighed. De vanhelliger den moderlige kaldelse, ser på ægteskabet som en komedie, forsømmer deres børn og vælger alle andre arbejdsområder frem for dem, der ligger inden for hjemmets rammer. ...
> Den unge generation har ikke meget respekt for de ældres formaninger; de dømmer alt dette velmenende tilbageskridt hårdt. De anklager fortiden for at have foragtet kvindens natur og nedværdiget og behandlet hende som uden sjæl. Fortiden opdragede kvinden som et rent seksuelt væsen - så hun blev så tilgængelig som muligt som en barnefødemaskine; når manden etablerede sit hjem, var kvinden møblet over alle møbler. ...
> Det korte hår er intet mindre end et ydre tegn på nutidens kvinde revurdering af alle værdier. Vi står over for en revolution. Enhver må vælge sin holdning.[xl]



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Á hlið* (2023)

Tíska „nýju konunnar“ á millistríðsárunum á Íslandi var að mörgu leyti það sem aðgreindi hana frá hinni ríkjandi þjóðernislegu húsmæðrastefnu. Þrátt fyrir að telja sig einungis vera að fylgja nýjustu stefnum í klæðaburði storkuðu þessar stúlkur meðvitað jafnt sem ómeðvitað hinum hefðbundnu gildum samfélagsins og urðu að mörgu leyti þungamiðja í átökum um mótun íslensks samfélags. Titill kaflans kemur úr ljóðinu „Háir hælar“ sem út kom árið 1923:

„Ó, hvað mig tekur það sárt að sjá“
sumar af stúlkunum ganga
þessum helv(ítis) hælum á
sem hreykja þeim beinlínis upp á tá
með afstöðu alla svo ranga,
vei ykkur, vei ykkur hælar!
Ó, vesalings tískunnar þrælar.[xli]

Þrátt fyrir að hér hafi að mestu verið fjallað um átökin um þjóðbúningana á millistríðsárunum, þýðir það ekki að konur hafi lagt honum á þeim tíma. Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur fjallar um forsíðumynd *Sögu* árið 2022 og skrifar þar um Guðrúnu Pétursdóttur, „Engeyjarsystur“ og langömmu núverandi forsætisráðherra Bjarna Benediktssonar. Forsíðumyndin sýnir Guðrúnu sitja ein kvenna meðal hóps karlmanna á landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 1951. Á myndinni ber Guðrún hönd fyrir andlit sér, ástæða þess er ókunn, en vel sést að hér er kona í peysufötum. Guðrún gekk alltaf í íslenskum búning og skrifar Anna Dröfn að „þjóðlegur klæðnaður Guðrúnar gerir hana í ofanálag að eins konar táknmynd fyrir hefðbundnar hugmyndir um konur og hlutverk þeirra á þessum tíma sem mæður og verðir þjóðlegra hefða“. Anna Dröfn kemst að þeirri niðurstöðu að Guðrún hafi sjálf átt virkan þátt í að móta einmitt þessa orðræðu, sem virkur og íhaldssamur meðlimur í kvenréttindahreyfingunni, sem lagði

“Den nye kvindes” mode i mellemkrigstiden i Island var på mange måder det, der adskilte hende fra den dominerende nationale husmødrebevægelse. Selvom disse kvinder mente, at de blot fulgte de nyeste tendenser i påklædning, udfordrede de bevidst såvel som ubevidst de traditionelle værdier i samfundet og blev på mange måder centrum i konflikterne om udformningen af det islandske samfund. Kapitlets titel kommer fra digtet “Høje hæle”, udgivet i 1923:

“Åh, hvor det gør mig ondt at se”
nogle af pigerne gå
de forbandede hæle på
som løfter dem op på tå
med kroppen helt på skrå,
ve jer, ve jer hæle!
Åh, stakkels modens trælle.[xli]

Selvom at hovedfokusset her har været på den konflikt som opstod omkring nationaldragten i mellemkrigstiden, betyder det ikke, at kvinderne opgav dem på det tidspunkt. Historikeren Anna Dröfn Ágústsdóttir gører rede for forsidebilledet på tidsskriftet *Saga* fra 2022 i en artikel, og skriver om Guðrún Pétursdóttir, “Engeyjarsystir” og oldemor til den nuværende statsminister, Bjarni Benediktsson. Forsidebilledet viser Guðrún som den eneste kvinde blandt en stor gruppe mænd på *Selvstændighedspartiets* landsmøde i 1951. På billedet holder Guðrún hånden op foran ansigtet, årsagen er ukendt, men det er tydeligt, at her er en kvinde klædt i *peysutøj*. Guðrún gik altid i islandsk dragt, og Anna Dröfn skriver, at “Guðrúns nationale klædedragt gør hende desuden til en slags symbol på traditionelle forestillinger om kvinder og deres rolle på dette tidspunkt som mødre og vogtere af nationale traditioner”. Anna Dröfn konkluderer, at Guðrún selv spillede en aktiv rolle i at forme netop denne diskurs, som et

áherslu á „að mikilvægasta hlutverk hverrar konu væri að vera móðir og húsmóðir og sinna börnum og heimili“.[xlii] Að mörgu leyti var þjóðbúningur ennþá einkennisbúningur hinnar þjóðlegu konu, sem helgaði sig heimili og börnum og hélt fast þjóðlegar hefðir.

Þess má hér geta að þónokkrar íslenskar þingkonur mættu á embættistöku Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, klæddar í þjóðbúning, flestar í upphlut eða peysufötum. Því er augljóst að þjóðbúningurinn á sér ennþá stað sem sparifatnaður íslenskra kvenna þó hann hafi tapað sess sínum sem hversdagsklæðnaður.

aktivt og konservativt medlem af kvindebevægelsen, der lagde vægt på “at hver kvindes vigtigste rolle var at være mor og husmor og tage sig af børn og hjem”.[xlii] På mange måder var nationaldragten stadig uniformen for den nationale kvinde.

Ved Halla Tómasdóttur indsættelse som Islands Præsident d. 1.8.2024, mødte nogle af de kvindelige folketingsmedlemmer op i nationaldragt. De islandske nationaldragter bliver derfor stadig brugt af nogle islandske kvinder til finere begivenheder.

## LÍKAMINN ER KARLKYNSORÐ

Sagnfræðingurinn Katharine Park hefur rannsakað krufningar á kvenlíkömum á Ítalíu á síðmiðöldum. Hún komst að þeirri niðurstöðu að á þeim tíma hafi karllíkaminn verið normið: „the male body was the generic body … and women´s bodies served to demonstrate only the female reproductive system.“[xliv]

Flest orð sem við Íslendingar notum um líkama eru karlkyns; skrokkur, búkur, kroppur, nár, jafnvel kvenlíkami. Það er ekki fyrr en leitað er til orða eins og bomba og þokkagyðja sem að orðin um líkamann verða að kvenkyni. Sterkar skoðanir og áhugi margra karlmanna á klæðnaði kvenna ber þess vitnis að mikið þótti vera í húfi þegar litið var til þess hverju konur sveipuðu um líkama sína. Þó það hafi vissulega verið umræða um klæðnað karla fyrr á árum var sú umræða aldrei sambærileg þeirri sem snerist að klæðnaði kvenna. Konur voru gerðar að sérstöku tákni fortíðar og þjóðar, settar í hlutverk sem sumar undu sér vel í og aðrar ekki.

Höfundi finnst viðeigandi að ljúka þessari samantekt á orðum Katrínar Thoroddsen, baráttukonu, þingkonu og barnalækni, en hún skrifaði árið 1960 að kvenréttindabaráttunni væri hvergi lokið: „hún er enn á frumstigi og henni lýkur aldrei frekar en öðrum frelsisstríðum, þau eru eilíf“.[xlv]

## KROPPEN ER ET HAN-ORD

Historikeren Katharine Park har undersøgt obduktioner af kvinder i Italien i senmiddelalderen. Hun konkluderede, at på det tidspunkt var mandekroppen normen: “the male body was the generic body … and women’s bodies served to demonstrate only the female reproductive system.”[xliv]

De fleste ord, som islændinge bruger om kroppen, er hankønsord; *skrokkur*, *búkur*, *kroppur*, *nár*, endda *kvenlíkami* (kvindekrop). Det er først, når man søger ord som *bomba* (frodig) og *þokkagyðja* (skønhedsgudinde), at ordene om kroppen bliver hunkønsord. Stærke holdninger og interesse fra mange mænd om kvinders påklædning vidner om, at det blev anset for vigtigt, hvad kvinder iførte deres kroppe. Selvom der bestemt var diskussioner om mænds påklædning tidligere, var denne diskussion aldrig sammenlignelig med den, der handlede om kvinders påklædning. Kvinder blev gjort til særlige symboler på fortiden og nationen, sat i roller, som nogle nød og andre ikke gjorde.

Forfatteren finder det passende at afslutte denne opsummering med et citat fra Katrín Thoroddsen, en forkæmper, parlamentsmedlem og børnelæge, som skrev i 1960, at kvindekampen aldrig var afsluttet: “den er stadig i sin vorden og vil aldrig slutte, ligesom andre frihedskampe, de er evige”.[xlv]



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Ólétt* (2023)

## SLÚÐUR

Á yngri árum faldi ég fætur mína
og reyrði niður brjóstin.
Maginn ógeð,
mittið allt í lagi.
Sjálfstraustið vaklandi
líkt og blóðrauður valmúi.

Kanntu að sjúga inn magann
og draga andann á sama tíma?
Veistu hversu vont það er
að fela óléttububmbu í korseletti?
Heimurinn dæmir konur
sem geta ekki feðrað börnin sín.
/velja
/vilja
/vona

Ég horfi yfir landslagið.
yfir brekkurnar, lautirnar,
vötnin, fjöllin, klettana.
Sé fyrir mér rauða skotthúfu
hverfa inn
í hamarinn.

## SLADDER

Da jeg var ung, skjulte jeg mine fødder,
og bandt brysterne op.
Maven var klam,
taljen ok.
Selvtilliden vaklende,
som en blodrød valmue.

Kan du holde maven inde,
imens du trækker vejret?
Ved du, hvor ondt det gør,
at skjule en gravid mave
under et korset?
Verden dømmer kvinder,
som ikke kan fastslå faderskabet.
/vil
/vælge
/nære håb

Jeg ser ud over landskabet,
over bankerne, lavningerne,
søerne, fjeldene, klipperne.
Skimter, hvordan en rød skotthue,
forsvinder ind,
i klippevæggen.

HEIMILDASKRÁ / KILDEHENVISNINGER

[i] Sigurður Guðmundsson, „Um kvenbúninga að fornu og nýju“, *Ný félagsrit* 17 (1857), 2.
[ii] „Kyrtill“ og „Skautbúningur“, *Annríki*, sótt 2. ágúst 2024. https://www.annríki.is/thjodbuningar/kyrtill/ og https://www.annríki.is/thjodbuningar/skautbúningur/.
[iii] Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Fjallkonan tekur til máls“, *Fjallkonan „Þú ert móðir vor kær“*, ritstj. Silja Aðalsteinsdóttir (Reykjavík: Forsætisráðuneytið og Forlagið, 2024), 61-86, hér 62.
[iv] „Faldbúningur yngri“, *Annríki*, sótt 2. ágúst 2024. https://www.annríki.is/thjodbuningar/faldbuningur-yngri/.
[v] „Upphlutur“, *Annríki*, sótt 2. ágúst 2024. https://www.annríki.is/thjodbuningar/upphlutur/,
[vi] „Peysuföt“, *Annríki*, sótt 2. ágúst 2024. https://www.annríki.is/thjodbuningar/peysuföt/.
[vii] Vigdís Stefánsdóttir, „Hvenær lærðu Íslendingar að prjóna og af hverjum“, *Vísindavefurinn*, 20. september 2003, sótt 5. ágúst 2024. https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3669.
[viii] „Peysuföt“, „Peysuföt 20. Aldar“ og „Upphlutur“, *Annríki*, sótt 05. ágúst 2024.
[ix] Sigurður Guðmundsson, „Um kvenbúninga að fornu og nýju“.
[x] Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Fjallkonan tekur til máls“, 67.
[xi] Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfdánarson, ,,Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771-1950. Nokkrar rannsóknarniðurstöður”, *Saga* 39, nr. 1 (2001): 51-107, hér 61.
[xii] Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfdánarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771-1950“, 79.
[xiii] Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Þórunn Helga Jóhannesdóttir, Saga brjóstagjafar á Íslandi, með áherslu á lengd brjóstagjafar. BA-ritgerð í mannfræði 2023, https://hdl.handle.net/1946/43096, 24.
[xiv] Ólöf Garðarsdóttir. „Voru lítil börn á brjósti í gamla daga?“ *Vísindavefurinn*, 26. júní 2002, sótt 7. ágúst 2024, https://visindavefur.is/svar.php?id=2531.
[xv] Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfdánarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771-1950“, 79-80.
[xvi] Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfdánarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771-1950“, 91.
[xvii] Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfdánarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771-1950“,66.
[xviii] Lbs.-Hbs. Þórunn Helga Jóhannesdóttir, „Saga brjóstagjafar á Íslandi“, 10-11.
[xix] Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1916. Hún fór að kjósa“ í *Konur sem kjósa. Aldarsaga* (Reykjavík:Sögufélag 2020), 67.
[xx] Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1916. Hún fór að kjósa“, 36.
[xxi] Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004), 246-249.
[xxii] Lynn Abrams, *The making of modern woman: Europe 1789-1918* (London 2002), 322-323.

[xxiii]Um muninn á opinbera sviðinu og einkasviðinu (e. public og domestic sphere) má t.d. sjá í grein Karin Hausen, „Family and role divison: The polarisation of sexual stereotypes in the nineteenth century – an aspect of the dissociation of work andfamily life“ í *The German family. Essays on the Social History of the Family in Nineteeth- and Twentieth Century Germany* (London 1981), 51-83.
[xxiv] Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 246-249 og 280-288.
[xxv] Kari Melby, „Kjønn i første halvdel av det 20. århundret" í *Med kjønnsperspektiv på norsk historie. Fra vikingtid til 2000 – årsskiftet,* ritstj. Ida Blom o.fl. (Oslo 2006), 329.
[xxvi] Áslaug Sverrisdóttir, „Þjóðlyndi. Um þjóðlyndi og þverstæður í viðhorfum Halldóru Bjarnadóttur“ í *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi,* ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl. (Reykjavík: Kvennasögusafn, 2001), 288
[xxvii] Halldóra Bjarnadóttir, „Heimilisiðnaður. Um kvenbúninga á Íslandi að fornu og nýju.“ *Hlín* 25, nr. 1 (1942): 21-33, hér 21-23.
[xxviii] Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, 256-257.
[xxix] Kari Melby, „Kjønn i første halvdel av det 20. århundret“, 329.
[xxx] Sigríður Matthíasdóttir, ,,Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda“ í *Ritið* nr. 8 (2008): 33-61, hér 53.
[xxxi] Sigríður Matthíasdóttir, Hinn sanni Íslendingur, 258.
[xxxii] Vilhelm Vilhelmsson, „Lauslætið í Reykjavík“, *Saga* 49 nr. 1 (2011): 104-131, hér 116.
[xxxiii] Vilhelm Vilhelmsson, „Lauslætið í Reykjavík“, 123.
[xxxiv] Jóhannes úr Kötlum, „Alþingishátíðin 1930“ *Iðunn* 12, nr. 3 (1928), 213-215
[xxxv] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar 1870 – 1940, síðari hluti* (Reykjavík: Iðunn, 1994), 199 og 206.
[xxxvi] Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur,* bls. 286.
[xxxvii] Magnús Magnússon, „Á austurvegum“. *Morgunblaðið*, 11. ágúst 1929, 5.
[xxxviii]Lbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólasafn, Kvennasögusafn), askja 271. Dagbók Maríu Thoroddsen árið 1921, 4. október.
[xxxix] Eggert Þór Bernharðsson, „„Ó, vesalings tískunnar þrælar.“ Um „Reykjavíkurstúlkuna“ og hlutverk hennar.“ *Sagnir* 11 (1990): 16 – 27, hér 20
[xl] Halldór Laxness, „Drengjakollurinn og íslenska konan“, *Morgunblaðið* aukablað 9. ágúst 1925, 5-6.
[xli] „Háir hælar“, *Rúsínur* 17. nóv, 1923.
[xlii] Anna Dröfn tekur það fram að Guðrún hafi þó haldið fast í að hlutverk kvenna á heimilunum ætti ekki að koma í veg fyrir atvinnuþátttöku þeirra. Anna Dröfn Ágústdóttir, „Guðrún Pétursdóttir: „hinn ágæti fulltrúi íslenskrar kvenþjóðar. Grúskað í myndasafni Ólafs K. Magnússonar“, *Saga* 60 nr, 2 (2022), 7-15.
[xliv] Katharine Parks, *Secrets of Women* (New York: Zone Books, 2006), 26-27.
[xlv] Katrín Thoroddsen, ,,Þjóðkunnar konur svara fyrirspurnum um kvenréttindamál“. *Melkorka, tímarit kvenna* 16 nr. 1 (1960), 31.

HENVISNINGER I FORHOLD TIL ISLANDSKE NATIONALDRAGTER

[1] Lang kjole med kjortelsnit, af silke, satin, bomuld eller tynd uld. Samme hovedklædning som i *Skautdragt*.
[2] Dragten har fået sit navn af den karakteristiske hovedbeklædning.
[3] Variant af den kvindelige islandske nationaldragt bestående af snøret, ærmeløs, pyntet vest, skørt, kjole, forklæde og hue med kvast (har fået navn efter den øverste del af dragten, *upphlutur*).
[4] Dragten har fået navn efter overdelen der består af en knappet bluse med lange ærmer, *peysa*.
[5] Hue med lang silkekvast til islandsk nationaldragt.



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Nálæg* (2023)

## UM LISTAKONUNA / OM KUNSTNEREN

**IS** María Kristín H. Antonsdóttir (f. 1990) er fædd og uppalin á Íslandi. Hún hefur verið búsett í Danmörku síðastliðin 11 ár og fluttist nýlega með fjölskyldu sinni til Møn. María er með BA í sálfræði og samtímalist og stefnir á að útskrifast með mastersgráðu frá *Det Fynske Kunstakademi* haustið 2025. María hefur tekið þátt í fjölmörgum listasýningum víða í Danmörku, meðal annars hjá *Ung Dansk Fotografi* hjá Fotografisk Center 2018, *Kunstnernes Efterårsudstilling* í Kaupmannahöfn 2019 og 2021, hún tók þátt í gjörningaviðburði stýrðum af Lilibeth Cuanca Rasmussen 2020, hlaut viðurkenningu frá Klub Nordatlanten 2022 og var með verk á sýningunni *Portrait Now* í Frederiksborg Slot 2023. Það verk má sjá á þessari sýningu. María hefur einnig fengið úthlutað listamannadvöl í Listamannahúsinu Varmahlíð í Hveragerði. Á döfinni eru tvær listamannadvalir, ein í Kaupmannahöfn hjá ODP3 og hin á Møn.

**DK** María Kristín H. Antonsdóttir (f. 1990) er født og opvokset i Island men flyttede til Danmark for 11 år siden. Hun har for nyligt flyttet til Møn sammen med sin familie. Hun har BA i psykologi og billedkunst, og forventer at blive færdig med sin kandidatgrad fra Det Fynske Kunstakademi i efteråret 2025. María har indgået i adskillige udstillinger i Danmark, f.x. *Ung Dansk Fotografi* 2018 hos Fotografisk Center, *Kunstnernes Efterårsudstilling* 2019 og 2021, og blev udvalgt til udstillingen *Portrait Now* på Frederiksborg Slot i 2023. Desuden deltog hun i et 12 times performance event, kureret af Lilibeth Cuenca Rasmussen i 2020 og blev kåret som vinder af Klub Nordatlanten Legatet i 2022.

## UM SAGNFRÆÐINGINN / OM HISTORIKEREN

**IS** Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir (f. 1986) bjó fyrstu 25 ár ævi sinnar á Íslandi, þar sem hún nam BA nám í sagnfræði. Hún flutti til Kaupmannahafnar árið 2012 og nældi sér í MA í sagnfræði. Hún vinnur sem bókasafnsfræðingur í viðburðadeild og sem sagnfræðingur í hjáverkum. Meðal útgefna verka eru greinarnar „Selskapskjólar og teaterslár. Nokkur orð um ímynd og klæðnað ,,nýju konunnar"", *Sagnir* (2013) og „fallega framreiddur matur", *Saga* (2018). Hún gerði einnig útvarpsþættina *Húsmæður Íslands* (Rás 1, 2022) sem finna má á sarpi RÚV.

**DK** Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir (f. 1986) boede de første 25 år af sit liv i Island, hvor hun læste en bachelor i historie på Islands Universitet. I 2012 flyttede hun til København og er cand.mag. fra Københavns Universitet. Hun arbejder som bibliotekar med arrangementer og aktiviteter og som freelance historiker ved siden af. Hun har bl.a. udgivet artiklerne "Selskabskjole og teaterkappe. Nogle ord om "den nye kvindes" mode og ideal", *Sagnir* (Reykjavík 2013) og ""Smukt fremstillet mad." Om værtinderollen i islandske kogebøger, 1800 til 1975". *Saga* (Reykjavík 2018). Hun har derudover lavet en miniserie til Rás 1 (Islands svar på P1), *Islands Husmødre* (2022) som er tilgængelig på ruv.is.



*Sjálfsmyndir í búning* (2024)
*Hálfnuð* (2023)

**IS** „Upphlutinn, pilsið, slifsið (í bakgrunni), skyrtuna, peysubrjóstið og skotthúfuna fékk ég í gjöf frá ömmu Stínu en hún erfði búninginn frá langömmu sinni. Mér þótti leiðinlegt að komast ekki í hann, hálfnuð á meðgöngu, en festi hann á mig í staðinn með títuprjónum."

**DK** "*Upphlutinn*, nederdelen, sløjfen, skjorten, trøjebrystet og huen fik jeg i gave fra min bedstemor, Stína, men hun havde arvet dragten fra sin oldemor. Jeg var ked af ikke at kunne passe den, halvvejs i min graviditet, så jeg fastgjorte den med knappenåle."




líkaminn er karlkynsorð / kroppen er et han-ord
22.08—21.10.2024

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn / Islands Ambassade i København

Menningarfulltrúi / Kulturansvarlig
Stefanía Kristín Bjarnadóttir

Kærar þakkir / Tak til
Carl Sæmundsen & Hustrus Familiefond
Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde

BÆKLINGUR / KATALOG

Texti / Tekst
Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir

Myndir / Fotografier
María Kristín H. Antonsdóttir

Bakgrunnur á forsíðu / Baggrund på forside
Daniel Bruun